



GÆTUM FENGINS FJÁR

LEIÐBEININGAR UM FJÁRMÁL
FJÖLSKYLDUNNAR

Öldungur Marvin J. Ashton

GÆTUM FENGINS FJÁR

LEIÐBEININGAR UM FJÁRMÁL
FJÖLSKYLDUNNAR

Öldungur Marvin J. Ashton

Útgefandi:
Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
Salt Lake City, Utah

© 1992, 2006 Intellectual Reserve, Inc.

Allur réttur áskilinn

Printed in Germany

Samþykkt á ensku: 1/06

Í velferðarhluta aðalráðstefnunnar í apríl 1975 flutti öldungur Marvin J. Ashton, einn af hinum tólf, ræðu sem þessi bæklingur er unninn úr. Þegar Spencer W. Kimball forseti stóð upp á sama fundi tók hann undir boðskap öldungs Ashtons og sagði:

„Ég hef hugleitt margt hér á þessum fundi. Ég styð orð bróður Ashtons. Ef ég væri að stofna fjölskyldu nú myndi ég vilja fá þau tólf atriði sem bróðir Ashton gat um, fylgja þeim nákvæmlega sjálfur og fræða börn mín og fjölskyldu um þau, og eins alla sem ég kemst í samband við. Þetta eru grundvallaratriði. Allt frá fyrstu bernsku hef ég heyrt bræðurna segja: ‚Losið ykkur við skuldir og forðist skuldir.‘ Ég vann nokkur ár í banka og komst þar í kynni við þær hörmulegu aðstæður sem margir höfðu komið sér í vegna þess að þeir höfðu virt slíkar ráðleggingar að vettugi.



Öldungur Marvin J. Ashton

Ég er sammála öllu sem bróðir Ashton hefur sagt ... varðandi fjármál fjölskyldunnar. Hver einasta fjölskylda ætti að gera sér fjárhagsáætlun. Okkur dytti ekki í hug að reka þessa kirkju eða fyrirtæki okkar einn dag án fjárhagsáætlunar. Við verðum að vita nokkurn veginn hve mikið við fáum í hendur og vissulega verðum við að vita hve miklu við ætlum að eyða. Ein ástæðan fyrir velgengni kirkjunnar hlýtur að vera sú, að bræðurnir gæta þessa mjög vandlega og við eyðum ekki því sem við eigum ekki.“



*Vindar og öldur bera okkur öðru
hverju af braut, jafnvel í fjármálum,
en lögmál fagnaðarerindisins
geta leitt okkur aftur á rétta
braut og lygnan sjó.*

ÖLDUNGUR MARVIN J. ASHTON

Nýlega gafst mér tækifæri til þess að ræða við ung og valin hjónaefni. Þau ætluðu að giftast innan viku. Augu þeirra ljómuðu af væntingu eftir þessum mikilvæga atburði og sýndu greinilega ást þeirra hvort til annars. Bæði höfðu góða menntun og komu frá góðum heimilum. Það var yndislegt að kynnast þeim, áætlunum þeirra og möguleikum. Tilhugalíf þeirra virtist byggt á góðum og eilífum grunni.

Í samræðum okkar olli þó svör þeirra við einni spurningu minni mér áhyggjum. Ég vona að kvíði minn og ábendingar hafi orðið til þess að þau hafi endurmetið verðandi samband sitt.

Við spurningunni: „Hver mun stjórna fjármálunum í hjónabandi ykkar?“ svaraði hún: „Hann, býst ég við.“ Hann svaraði: „Við höfum ekki rætt það enn.“ Þessi orð komu mér óþægilega á óvart.

Hve mikilvæg er stjórn fjármála í hjónabandinu? Því vil ég svara: „Gríðarlega mikilvæg.“ Amerísku lögfræðisamtökin hafa áætlað að um 89 prósent allra hjónaskilnaða megi rekja til ósamkomulags og ásakana vegna peninga. Aðrir hafa áætlað að 75 prósent allra hjónaskilnaða sé afleiðing árekstra vegna fjármála. Sumir hjónabandsráðgjafar vilja meina að fjórar af hverjum fimm fjölskyldum eigi við alvarlegan fjárhagsvanda að stríða.

Ég vil á þessari stundu strax leggja áherslu á þá staðreynd, að þessar hjónabandsharmsögur stafa ekki eingöngu af peningaskorti, frekar af óstjórn á fjármálum. Verðandi eiginkona gæti vel látið vera að hafa áhyggjur af mánaðartekjum verðandi eiginmanns, en hún ætti að hugleiða hvernig hann (og hún) ráðstafar því fé sem þau fá í hendur. Ráðstöfun fjárens ætti að hafa forgang fyrir tekjuöflun. Verðandi eiginmaður, sem trúlofaður er stúlku er virðist eiga allt, ætti að athuga vel hvort hún kann að fara með fé.

LÖGFRÆDISAMTÖKIN
HAFA ÁÆTLAÐ AÐ UM
89 PRÓSENT ALLRA
HJÓNASKILNAÐA MEGI
REKJA TIL ÓSAM-
KOMULAGS OG ÁSAK-
ANA VEGNA PENINGA.

Á heimilinu ætti ráðstöfun fjár að ákvarðast af báðum aðilum, eiginmanni og eiginkonu, að bæði hafi sitt að segja þegar ákvarðanir eru teknar og reglur settar. Þegar börnin fæðast og ná ábyrgðaraldri, ættu þau einnig að fá að fylgjast með fjármálum fjölskyldunnar. Friður, gleði, kærleikur og öryggi hverfur af heimilinu þegar áhyggjur og ágreiningur vegna fjármála eru daglegt brauð. Hvort heldur við erum í giftingarhugleiðingum eða löngu gift ættum við öll strax í dag að endurskoða fjármálastjórn okkar, iðrast og bæta hana ef með þarf, og lifa síðan ekki um efni fram.

Þar sem mikilvægt er í nútíma heimi að ráðstafa fé sínu vel og lifa ekki um efni fram, ef við eigum að hafa nóg og vera hamingjusöm, vil ég koma með nokkrar ábendingar varðandi fjármálasjón einstaklinga og fjölskyldna. Eftirtalin tólf atriði tel ég að geti hjálpað okkur að ná settu marki.



1. GREIÐA HEIÐARLEGA TÍUND

Góð fjármálastjórn á hverju heimili SDH byrjar með greiðslu heiðarlegrar tíundar. Ef tíundin og föstufórnirnar eru það fyrsta sem við greiðum eftir að við fáum laun okkar mun skyldurækni okkar við þessa mikilvægu reglu fagnaðarerindisins styrkjast og líkur á mistökum í fjármálum minnka. Þegar við greiðum Honum, sem ekki kemur mánaðarlega og rukkar, kennum við börnum okkar að vera heiðarleg gagnvart þeim sem þau eiga samskipti við.

FJÁRHAGSLEGT
JAFNVÆGI ÁKVARÐ-
AST EKKI AF ÞVÍ

2. NÁUM TÖKUM Á PENINGUNUM AÐUR EN ÞEIR NÁ TÖKUM Á OKKUR

Verðandi brúður ætti að spyrja sjálfa sig: „Kann unnusti minn að fara með fé? Kann hann að lifa innan tekjumarka?“ Þetta eru mun þýðingarmeiri spurningar en: „Getur hann þénað meiri peninga?“ Fjárhagslegt jafnvægi ákvarðast ekki af því hve mikið við þénnum heldur hve miklu við eyðum.

HVE MIKIÐ VIÐ ÞÉN-
UM HELDUR HVE
MIKLU VIÐ EYÐUM.

Öll hjón ættu stöðugt að tileinka sér ný viðhorf gagnvart peningum. Félagseign þeirra á hvort sem er að vera alger og eilíf. Hjónin eiga í algerri sameiningu að ráðstafa því fé sem fjölskyldan hefur til umráða og sýna hvort öðru hreinskilni og traust. Ef annar makinn hefur alger umráð yfir fénu veldur það ójafnræði í hjónabandinu og er óviðeigandi. Ef annar aðilinn af sjálfsdáðum felur hinum alla stjórn fjármála afsalar hann sér þar með nauðsynlegri ábyrgð.

3. LÆRUM SJÁLFSAGA OG TAUMHALD Í FJÁRMÁLUM

Að læra að stjórna sjálfum sér og hafa taumhald í fjármálum getur verið mikilvægara en námskeið í bókhaldi eða öðru slíku. Ung hjón þurfa að gera sér ljóst að þau geta ekki samstundis leyft sér sömu eyðslu og lífsstíl og þau áttu að venjast meðan þau voru heima í foreldrahúsum. Hjón sýna verulegan þroska þegar þau hugsa um þarfir makans og fjölskyldunnar áður en þau eyða fé sínu. Fjármálastjórn ættu þau að læra saman í anda samvinnu og kærleika og á áframhaldandi grunni. Eiginmaður einn sagði eitt

HJÓN SÝNA VERULEGAN

ÞROSKA ÞEGAR ÞAU


HUGSA UM ÞARFIR

MAKANS OG FJÖL-
SKYLDUNNAR ÁÐUR

EN ÞAU EYÐA FÉ SÍNU.

sinn með fyrirlitningu: „Ég held að peningar tali sínu máli, en ef konan mín nær höndum yfir þá segja þeir aðeins ‚bless‘.“ Við eiginmanninn, sem segir að konan sé versti fjármálastjórnandi í heimi, vil ég segja: „Líttu í spegilinn og þar sérðu versta kennarann í heimi.“

Við lifum í heimi fullum af sjálfselfingu og efnishyggju, þar sem aðalmálið er „ég“. Auglýsingar lokka unga kaupendur með auðveldum lánatilboðum, að kaupa nú og borga seinna. Athyglisvert er að engar auglýsingar sýna ljómann af því að borga skuldina eða minnst á hve langvarandi og erfitt það sé – einkum eftir að vextirnir hafa óhjákvæmlega bæst við.



SKULDAGREIÐSLU - ALMANAK

	Greiðslukort	Húsgögn	Tannlæknir	Læknir	Bilakaup
Mars	10.000	6.000	4.000	5.000	25.000
April	10.000	6.000	4.000	5.000	25.000
Mai	10.000	6.000	4.000	5.000	25.000
Júní	10.000	6.000	4.000	5.000	25.000
Júlí		16.000	4.000	5.000	25.000
Ágúst		16.000	4.000	5.000	25.000
Sept.		16.000	4.000	5.000	25.000
Okt.			20.000	5.000	25.000
Nóv.			20.000	5.000	25.000
Des.				25.000	25.000
Jan.				25.000	25.000
Febr.					50.000
Mars					

Skuldagreiðslu-almanak getur hjálpað ykkur að draga úr eða greiða að fullu ónaðs-ynlegar skuldir. Afmarkið nokkra dálka á blað. Í fyrsta dálkinn til vinstri skrifið þið mánaðaheitin og byrjið á næsta mánuði. Efst í næsta dálk skrifið þið þá skuld sem þið viljið greiða fyrst. Það getur verið sú skuld sem þið greiðið hæsta vexti af eða er með næsta gjalddaga. Skrifið mánaðargreiðslu til þess lánsala þar til lánið er greitt eins og sést á myndinni hér að ofan. Efst í næsta dálk skrifið þið næstu skuld sem þið viljið greiða og skráið þá upphæð sem þið greiðið mánaðarlega. Þegar þið hafið greitt fyrstu skuldina bætist sú mánaðargreiðsla við greiðslu á næstu skuld. (Takið eftir í dæminu hér að ofan að fjölskyldan lauk við greiðslu fyrstu skuldarinnar og bætti þá þeim 10.000 krónum sem hún greiddi af henni við greiðslu af næsta láni, þannig að mánaðarleg greiðsla af því varð kr. 16.000). Haldið þannig áfram þar til lánin eru að fullu greidd.

4. GERUM FJÁRHAGSÁÆTLUN

Hver fjölskylda verður fyrirfram að hafa skilning á því hve mikið fé sé til umráða í hverjum mánuði og hve miklu má eyða á hverju sviði. Ávísanahefti auðvelda fjölskyldunni að stjórna fjármálum sínum og fylgjast með því í hvað peningarnir fara. Skrifðu vandlega við hverja ávísun fyrir hvað sú greiðsla er og berið saman ávísanahefti ykkar og mánaðarlegar útskriftir frá bankanum.

Ef undan eru skilin húsa kaup, menntun eða önnur mikilvæg fjárfesting ætti að forðast skuldir og þá byrði sem þeim fylgja.

HANDBÆRT FÉ, SEM
GRÍPA MÁ TIL Í NEYÐ-
ARTILFELLUM, ÞYRFTI
HELST AÐ DUGA FYRIR
MEÐALTALSEYÐSLU
FJÖLSKYLDUNNAR Í
ÞRJÁ MÁNUÐI.

Staðgreiðið neysluvörur og sumarleyfisferðir. Forðist afborganir og farið gætlega með greiðslukort. Þeim er aðallega ætlað að vera til þæginda og ætti alls ekki að nota þau gáleysislega og af kæruleysi. Notkun fleiri tegunda greiðslukorta eykur áhættuna á ónaúðsynlegri skuldasöfnun. Kaupið notað þar til þið hafið safnað nægilega til að kaupa nýtt. Kaup á lélegum tækjum eða vörum verður yfirleitt dýrara þegar til lengdar lætur.

Sparið og safnið ákveðnum prósentum af tekjum ykkar. Handbært fé, sem grípa má til í neyðartilfellum, þyrfti helst að duga fyrir meðaltalseyðslu fjölskyldunnar í þrjá mánuði. Hver fjölskylda SDH ætti að greiða skatta sína heiðarlega og skilvíslega.

Takið vandlega eftir þessu – og ef það kemur illa við einhvern ykkar, er það í ákveðnum tilgangi gert: Síðari daga heilagir, sem sniðganga eða forðast lánardrottna sína, komast ekki hjá því að finna ráðleysið og friðleysið sem slíkri breytni fylgir, og þeir lifa ekki eins og Síðari daga heilögum ber! Forðast skal gjaldprot, nema það reynist algerlega óhjákvæmilegt, og skal það þá framkvæmt eftir bæn og íhugun og á löglegan hátt.

FJÁRHAGSÁÆTLUN

FYRIR _____

20 _____

TEKJUR	ÁÆTLAÐAR	RAUNVERULEGAR
Laun (að frádr. sköttum)	_____	_____
Aðrar tekjur	_____	_____
Samtals tekjur	_____	_____

GJÖLD	ÁÆTLUÐ	RAUNVERULEG
Kirkjugjafir	_____	_____
Sparifé	_____	_____
Matvæli	_____	_____
Afborganir eða leiga	_____	_____
Fastagreiðslur	_____	_____
Ferðir	_____	_____
Greiðslur af skuldum	_____	_____
Tryggingar	_____	_____
Lyf og lækningar	_____	_____
Fatnaður	_____	_____
Annað _____	_____	_____
_____	_____	_____
_____	_____	_____
Samtals gjöld	_____	_____
Tekjur umfram gjöld	_____	_____

- Fjárhagsáætlun hjálpar ykkur að áætla og meta útgjöld ykkar.
- Gerið fjárhagsáætlun fyrir ákveðinn tíma (t.d. viku, tvær vikur, mánuð), í samræmi við hve oft þið fáíð greidd laun.
- Lagið gjöldin að tekjunum og eyðið minnu en þið aflið.

5. KENNUM BÖRNUNUM SNEMMA MIKILVÆGI STARFS OG TEKJUÖFLUNAR

„Í sveita andlitis þíns skalt þú neyta brauðs þíns“ er ekki úrelt ráðgjöf. Hún er undirstaða persónulegs velfarnaðar. Eitt það besta sem foreldrar geta gert fyrir börn sín er að kenna þeim að vinna. Margt hefur verið sagt á liðnum árum um börn og mánaðarlega vasapeninga og skoðanir eru mjög skiptar. Ég er af „gamla skólanum“. Ég tel að börnin eigi sjálf að vinna fyrir þeim peningum sem þau þarfnast og það geta þau gert með alls kyns þjónustu og vinnu heima eða annars staðar. Tengja má laun barnanna við árangur þeirra í námi og árangur þeirra við að ná settu marki á einhverju sviði. Ég tel óheppilegt fyrir barn að vaxa upp á heimili þar sem því fræi er sáð

FJÖLSKYLDAN VER-
ÐUR SAMHENTARI
ÞEGAR HÚN SPARAR

í huga þess að til sé peningatré sem hægt sé að plokka peninga af einu sinni í viku eða mánuði án nokkurrar áreynslu af eigin hendi.

SAMAN Í EINHVERJ-
UM
SAMEIGINLEGUM
TILGANGI.

6. KENNUM BÖRNUNUM AÐ TAKA ÁKVARÐANIR Í FJÁRMÁLUM Í SAMRÆMI VIÐ SKILNING ÞEIRRA

Byggt á viðeigandi kennslu og reynslu ættu börn að vera ábyrg fyrir ákvöðunum varðandi eigið fé og taka afleiðingunum af óskynsamlegri eyðslu. „Sparaðu fé“ er holrráð sem foreldrar ættu að gefa barni sínu. „Sparaðu fé fyrir trúboð þitt, hjóli, dúkkuhúsi, heimanmundi eða bíl.“ Börnin skilja þetta. Fjölskyldan verður samhentari þegar hún sparar saman í einhverjum sameiginlegum tilgangi. Á okkar heimili skapaði það einingu að láta barnið spara fyrir einhverjum stórum hlut og þegar ákveðinni upphæð var náð þá greiddum við fyrirfram ákveðið hlutfall. Uppörvun er máttugt afl við að ná fram þeirrir hegðun sem við æskjum.

7. KENNIÐ ÖLLUM Í FJÖLSKYLDUNNI AÐ LEGGJA SITT AF MÖRKUM TIL VELFARNAÐAR FJÖLSKYLDUNNI

Þegar börnin vaxa ættu þau að öðlast skilning á fjárhagsstöðu fjölskyldunnar, fjárhagsáætlun og fjárfestingarmarkmiðum og á ábyrgð þeirra sjálfra innan fjölskyldunnar. Hvetjið til verkefna sem geta verið skemmtileg og ekki krefjast mikilla fjárútláta. Sumar fjölskyldur missa af dýrmætri fjárhagslegri og andlegri reynslu, sem fæst þegar fjölskyldan sest saman, helst áður en fjölskyldukvöld hefist, og hver og einn leggur fram sinn skerf til einhvers verðugs verkefnis, t.d. til sonar eða dóttur, bróður eða systur, sem er við trúboðsstörf. Þegar allir taka þátt í slíku verður það „okkar verkefni“ eða „okkar trúboði“ og vekur gagnkvæma gleði og stolt.

8. GERUM MENNTUN AÐ ÁFRAMHALDANDI VERKEFNI

Ljúkum eins mikilli formlegri og fullri menntun og hægt er, þar með talin verkleg menntun. Því fé er vel varið. Miðað við lífstíðar tekjur er þeim stundum sem í menntun fara vel varið. Notið kvöldskóla og bréfasjóla til frekara náms. Lærið eitthvað ákveðið fag sem gæti komið í veg fyrir langvarandi atvinnuleysi. Gagnlegt getur verið að geta gert við ýmislegt á heimilinu eða við bílinn og getur líka sparað töluvert fé. Óvænt atvinnuleysi getur hent hvern sem er. Við ættum ekki að leyfa sjálfum okkar, þegar við erum atvinnulaus, að sitja og bíða eftir „atvinnu sem hentar okkur,“ ef önnur heiðarleg vinna er í boði.



9. VINNUM AÐ ÞVÍ AÐ EIGNAST EIGIÐ HÚSNÆÐI

Eigið húsnæði telst fjárfesting, ekki eyðsla. Kaupið þá tegund húsnæðis sem tekjur ykkar leyfa. Bætið og fegrið heimilið og umhverfi þess meðan þið búíð í því, þannig að ef þið seljið það getið þið notað

hreina eign ykkar í því og mögulegan hagnað til þess að eignast heimili sem betur hentar fjölskyldunni.

10. KAUPUM VIÐEIGANDI TRYGGINGAR

Mikilvægt er að tryggja húsnæði og bíla og kaupa sér slysa-, sjúkra- eða líftryggingu eins og þurfa þykir. Kostnaður vegna veikinda, slysa og andláts getur orðið svo mikill að fjölskylda sem ótryggð er getur þurft að þola margra ára þunga fjárhagsbyrði.



11. ÁTTUM OKKUR Á UTANAÐKOMANDI ÁHRIFUM Á FJÁRMÁL FJÖLSKYLDUNNAR OG FJÁRFESTINGU

Verðbólga er oft meginástæða þess að laun hækka. Hærrí launaávísun tákna ekki endilega aukna kaupgetu og afsakar ekki óþarfa eyðslusemi og frekari skuldir. Auk þess handbæra fjár sem fjölskyldan ætti ávallt að eiga, ætti hún að áforma og nota skynsamlega fjárfestingu sem veitir fjárhagsöryggi, ef um vanheilsu verður að ræða eða þegar farið er á eftirlaun. Forðist áhættusamar fjárfestingar og gróðabrall.

12. VERUM VIÐBÚIN EINS OG HÆGT ER MEÐ MATARFORÐA OG NEYÐARÁÆTLUN

Safnið matarbirgðum og öðrum nauðsynjum á kerfisbundinn hátt. Forðist þó að setja ykkur í skuldir við slíkt. Gætið ykkar á óskynsamlegum matarbirgðum. Garðrækt getur verið gagnleg fjölskyldunni á margan hátt, t.d. lækkað matarkostnað. Varðveitum heilsuna með heilbrigðri fæðu og hollri hreyfingu og forðumst þannig óþarfa lyfja- og læknskostnað.

Þessum fáu atriðum og ábendingum er ekki ætlað að ná yfir allt sem huga þarf að, en vonast er til þess að þær vekji menn til alvarlegrar umhugsunar. Við þurfum að þekkja og vera okkur meðvitandi um þessar grundvallarreglur skynsamlegrar fjárhagsstjórnar.

Guð hjálpi okkur að verða ljóst að fjárhagsstjórn er mikilvægur þáttur í persónulegri velferð okkar. Að læra að lifa innan tekju marka er stöðug og áframhaldandi þörf. Við þurfum að vinna stöðugt að því að losna við fjárhagserfiðleika. Það verður fjárhagslegur gleðidagur þegar tíminn og vextirnir vinna með okkur en ekki á móti okkur.

Peninga ættu Síðari daga heilagir að nota sem leið að eilífri hamingju. Ógætileg og eigingjörn notkun þeirra getur leitt okkur í fjárhagsfjötra. Við höfum ekki efni á að vanrækja okkar eigin fjárhagsstjórn. Guð mun ljúka upp flóðgáttum himins í þessu máli, ef við lifum nærri honum og höldum boðorð hans.



KIRKJA
JESÚ KRISTS
HINNA
SÍÐARI DAGA HEILÖGU

ICELANDIC



4 02332 93190 6

33293 190